

Áramótasöngur

Upp skal hefja áramótasöng,
af öllu hjarta þakka liðið ár,
þó að leiðin stundum væri ströng
og stundum féllu af augum sorgartár.

Þó að leiðin stundum væri ströng
og stundum féllu af augum sorgartár.

Munum líka marga glaða stund.
Minnumst þess er sólin fögur skein
við fuglasöng og blómum gróna grund,
hvar glitrar daggarperlan hrein – svo hrein.

Við fuglasöng og blómum gróna grund,
hvar glitrar daggarperlan hrein – svo hrein.

Glöð svo fögnum ári nýju nú
í nafni hans sem fer með æðstu völd.
Iðkum kærleik, ást og von og trú
og uppskeran mun verða þúsundföld.

Iðkum kærleik, ást og von og trú
og uppskeran mun verða þúsundföld.

Ljóð: Pétur Björgvin Jónsson - Samið 1957

Lag: Bjarni Hafþór Helgason - Samið 2007

Frumflutt í nýármessu í Glerárkirkju 1. janúar 2008

Einsöngur: Björg Þórhallsdóttir, sópran

Undirleikur: Hjörtur Steinbergsson, organisti

Um tilurð ljóðs og lags

Fimmtíu ára gömul tækifærisvísa Péturs Björgvins Jónssonar sem var hugsuð til að gleðja vini og ættingja um áramót var frumflutt við lag Bjarna Hafþórs Helgasonar í nýármessu í Gleráarkirkju 1. Janúar 2008. Þar á bak við er skemmtileg saga.

Í um fimmtán ár hafði Ingi Pétursson verið að leita að lagasmið sem væri til í að semja lag við áramótaljóð eftir föður sinn, Pétur Björgvin Jónsson. Sumarið 2006 kom hann svo að máli við Bjarna Hafþór Helgason og bar erindið undir hann. Bjarni Hafþór tók verkefnið að sér, lagið var fullsamið á árinu 2007 og Jón Hlöðver Áskelsson fenginn til að skrifa útsetningu á nótum. Höfundar lags og ljóðs eru frændur því Pétur Björgvin var bróðir ömmu Bjarna Hafþórs; Ingibjargar Jónsdóttur á Vaðbrekku. Ekki vissi Bjarni Hafþór að ljóðið var samið árið 1957 fyrir en hann hafði samið lagið, en sjálfur er hann fæddur árið 1957 og því jafngamall ljóðinu. Síðla hausts fór hann til Inga Péturssonar og afhenti honum útskriftina á laginu. Svo skemmtilega vildi til að það var á fæðingardegi Péturs Björgvins þann 26. nóvember, nokkuð sem Bjarni Hafþór hafði enga hugmynd um þegar hann fór með lagið til Inga.

Pétur Björgvin Jónsson skósmíðameistari var fæddur 26. nóv. 1889 að Þuríðarstöðum í Eyvindardal í Suður-Múlasýslu. 1921 giftist hann Sigurbjörgu Pétursdóttur (f.14.02.1902/d.22.03.1996). Lengst af bjuggu þau á Gleráreyrum á Akureyri en Pétur vann óslitið í 26 ár hjá skógerðinni Iðunni. Pétur andaðist 8. nóv. 1966.